

## Að kynnst grenndarskóginum

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Að þekkja einkenni lauf- og barrtrjáa ásamt því að kynnst grenndarskóginum. Læra að þekkja umhverfi sitt. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

**Námsgreinar:** Náttúrufræði, íslenska og stærðfræði.

**Aldur:** Miðstigi.



### VERKLÝSING

Byrjað er á að fjalla um hvað einkennir trjátegundirnar. Stuðst er við myndir af vef Námsgagnastofnunar og útsýnið úr skólastofunni, ef það er hægt.

Næst er klippt út trjábók, nemendur velja sér að gera lauf- eða barrtrjáabók. Stuttur texti skrifaður inn í bókina.

Farið er í skóginn og tegundirnar greindar þar. Giskað á hvort séu fleiri lauf- eða barrtré í skóginum.

Þá er komið að því að telja annars vegar lauftré og hins vegar barrtré. Nemendur hafa 3 mín. til að hlaupa um og telja. Niðurstöður færðar inn í trjábækurnar og þær síðan bornar saman til að komast að niðurstöðu.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Pappír, skæri, skriffæri.